

**Fundargerð 52. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 20. mars 2014 kl. 13:00 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Björn Jóhannsson

Eftirfarandi mál voru rædd:

**1. Áttunda yfirferð umsókna**

Stjórnin fór yfir styrksumsóknir. Í sumum tilfellum var styrksupphæðum breytt í samræmi við umsóknargögn og í öðrum tilfellum voru einkunnir endurskoðaðar.

**2. Langanesbyggð – umsókn um viðbótarstyrk**

13-231 Langanesbyggð Skoruvíkurbjarg-Bætt aðgengi að Stóra-Karli 8.250.000 kr.

Umsókn barst formanni í formi bréfs og fylgigagna. Óskað var eftir viðbótarstyrk fyrir verkefnið vegna breytinga, en útsýnispallur hefur stækkað miðað við teikningar sem fylgdu umsókn. Stjórn ákvað að senda tillögu til ráðherra um viðbótarstyrk upp á kr. 2.000.000 ásamt rökstuðningi um að verkefnið sé betra með viðbótinni, varanlegt og vel að því staðið.

**3. Gögn til ráðherra**

Björn var beðinn um að útbúa drög að tillögu til ráðherra og undirbúa samskonar gögn og fylgdu fyrri tillögum. Meðal gagna eru listi yfir umsækjendur, tillaga um styrkþega og styrkþegar flokkaðir eftir landshlutum og verkefnategund.

**4. Önnur mál**

Önnur mál voru ekki á dagskrá

Fundi slitið kl. 14.30

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson